

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 29. maí 1990

um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og hætta er á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum (fjórða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)

(90/269/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem lögð var fram í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Samkvæmt téðri grein ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og lagalegar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun þá er varðar öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað ⁽⁴⁾ er kveðið á um samþykkt tilskipana sem ætlað er að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Ráðið tók, í ályktun sinni frá 21. desember 1987 um öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað ⁽⁵⁾, tillit til þeirra áforma framkvæmdastjórnarinnar að leggja í náninni framtíð fyrir það tilskipun um vernd gegn áhættu þegar þungar byrðar eru handleiknar.

Til að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna er brýnt að farið sé að lágmarkskröfum þeim sem ætlað er að auka öryggi og hollustu á vinnustöðum.

Tilskipun þessi er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lög-

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 117, 4. 5. 1988, bls. 8.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 326, 19. 12. 1988, bls. 137 og Stjttíð. EB nr. C 96, 17. 4. 1990, bls. 82.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 318, 12. 12. 1988, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 1.

leiðingu ráðstafana til að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁶⁾. Því er hægt að beita til fulls ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar hvað varðar þau tilvik þegar byrðar eru handleiknar samanber þó strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem í þessari tilskipun felast.

Tilskipun þessi er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innra markaðarins að veruleika.

Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE ⁽⁷⁾ skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum þegar hún semur tillögur á þessu sviði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með tilskipun þessari, sem er fjórða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE, eru settar fram lágmarkskröfur um það þegar byrðar eru handleiknar og hætta er á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum.

2. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu á öllu því sviði sem um getur í 1. mgr., samanber þó þrengri og/eða sérhæfðari ákvæði sem þessi tilskipun felur í sér.

2. gr.

Skilgreining

Í tilskipun þessari merkir orðasambandið „að handleika byrði“ þegar einn eða fleiri starfsmenn flytja byrði úr stað

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15.

eða styðja við hana, í því felst að lyfta, setja niður, ýta, draga, bera eða færa byrði til á þann hátt að starfsmönnum stafi hætta af, sérstaklega hætta á bakmeiðslum, vegna þess hvernig hluturinn er gerður eða að vinnuvistfræðilegar aðstæður eru slæmar.

II. ÞÁTTUR

SKYLDUR VINNUVEITENDA

3. gr.

Almennt ákvæði

1. Vinnuveitandi skal gera viðeigandi skipulagsráðstafanir eða nota viðeigandi hjálpartæki, einkum vélbúnað, til að komast hjá því að starfsmenn þurfi að handleika byrðar.
2. Þegar ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar, skal vinnuveitandi gera viðeigandi skipulagsráðstafanir, nota viðeigandi hjálpartæki eða sjá starfsmönnum fyrir slíkum hjálpartækjum til að draga úr þeirri áhættu sem felst í að handleika slíkar byrðar og taka þar mið af I. viðauka.

4. gr.

Skipulag verkstöðva

Alls staðar þar sem ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skal vinnuveitandi skipuleggja verkstöðvar á þann hátt að öryggi og hollusta sé sem allra mest þegar byrðar eru handleiknar, og

- a) meta, fyrirfram ef unnt er, öryggis- og heilbrigðisáðstæður við verk af þessu tagi og einkum skoða hvers eðlis byrðarnar eru og taka þar mið af I. viðauka;
- b) reyna að forðast eða draga úr hættu á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum, með því að gera viðeigandi ráðstafanir einkum með tilliti til vinnuumhverfis og taka þar mið af I. viðauka.

5. gr.

Vísun til II. viðauka

Vegna framkvæmdar b-liðar 3. mgr. 6. gr. og 14. og 15. gr. tilskipunar 89/391/EBE skal taka mið af II. viðauka.

6. gr.

Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra

1. Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem komið verður í framkvæmd samkvæmt tilskipun þessari á sviði öryggis og hollustu.

Vinnuveitendum er skylt að gæta þess að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra fái almennar ábendingar og, ef kostur er, nákvæmar upplýsingar um:

— þyngd hlutarins,

— þungamiðju þyngstu hliðarinnar, þegar innihald pakka dreifist ójafnt.

2. Með fyrirvara um 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE ber vinnuveitendum að tryggja að starfsmenn fái að auki nægilega þjálfun og upplýsingar um hvernig bera skuli hluti á réttan hátt og þá áhættu sem þeir kynnu að taka, einkum ef verkin eru ekki unnin rétt, með tilliti til I. og II. viðauka.

7. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE á því sviði sem tilskipun þessi tekur til, að viðaukunum meðtöldum.

III. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

8. gr.

Breytingar á viðaukum

Breytingar á I. og II. viðauka, af tæknilegum toga einvörðungu, vegna tækniframfara og breytinga á alþjóðlegum reglum og kröfum eða þekkingar er snertir þau tilvik þegar byrðar eru handleiknar, skal samþykka í samræmi við tilhögun þá sem kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

9. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1992.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða eða hafa þegar verið samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fjórða hvert ár um hver reynslan hefur orðið af framkvæmd ákvæða tilskipunar þessarar, þar sem fram komi sjónarmið vinnuveitenda og starfsmanna.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum, um þessi efni.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar með reglubundnu millibili fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. maí 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

B. AHERN

forseti.

I. VIÐAUKI (*)

VIÐMIÐUNARATRÍÐI

(2. mgr. 3. gr., a- og b-liðir 4. gr. og 2. mgr. 6. gr.)

1. Byrðin

Burður getur valdið bakmeiðslum ef:

- byrði er of þung eða of stór,
- byrði er ómeðfærileg eða erfitt er að ná taki á henni,
- byrði er óstöðug eða með innihaldi sem getur færst til,
- starfsmaður verður að halda á byrði út frá líkamanum, eða standa hokinn eða undinn í baki undan byrðinni,
- byrði er þannig löguð eða svo hörð að starfsmaður geti meiðst, einkum ef hún rekst á hann.

2 Líkamlegt átak

Líkamlegt átak getur valdið hættu á bakmeiðslum ef:

- það er óhóflegt,
- það krefst þess að undið sé upp á bolinn,
- það veldur hættu á að byrðin færist skyndilega til,
- það sem staðið er á er óstöðugt.

3 Aðstæður við vinnu

Aðstæður við vinnu geta aukið hættu á bakmeiðslum ef:

- rými, einkum í hæðina, er ekki nægilegt til þess verks sem vinna skal,
- gólf er óslétt og hætt er við hrösun, eða gólfið er hált og fótábúnaður starfsmanns hentar ekki,
- ef vinnustað eða verkstöð er þannig háttað að ekki er unnt að meðhöndla byrði í æskilegri vinnuhæð, eða með góðri líkamsbeitingu,
- ef mismunandi hæð er á gólfi eða vinnufleti þar sem byrði er handleikin,
- ef gólf eða undirstöðufloitur er óstöðugur,
- ef hiti, raki eða loftræsting er ekki viðunandi.

4. Verkefnið

Verkefnið kann að fela í sér hættu á bakmeiðslum ef í því felst að eitt eða fleiri eftirtalinna atriða koma fram:

- of tíð eða of langvinn líkamleg áreynsla, sérstaklega ef hún mæðir mest á hryggnum,
- starfsmaður fær ónógan tíma til líkamlegrar hvíldar eða til að jafna sig eftir áreynslu,
- að sú vegalengd sem byrði er borin, lyft eða lækkuð um er óhófleg,
- vinnu er þannig háttað að starfsmaður á þess ekki kost að ráða sjálfur vinnuhraða sínum.

(*) Hafa má hliðsjón af hinum mismunandi atriðum sem skráð eru í I. og II. viðauka sameiginlega, svo meta megja marga þætti saman.

II. VIÐAUKI (*)

ÁHÆTTUÞÆTTIR SEM LÚTA AÐ EINSTAKLINGNUM*(5. gr. og 2. mgr. 6. gr.)*

Starfsmaður kann að vera í hættu ef hann eða hún:

- hefur ekki líkamlegan styrk til þess verks sem um er að ræða,
- ber óhentug fót, fótabúnað eða aðra persónulega muni,
- hefur ekki til að bera nægilega eða viðeigandi þekkingu eða þjálfun.

(*) Hafa má hliðsjón af hinum mismunandi atriðum sem skráð eru í I. og II. viðauka sameiginlega, svo meta megi marga þætti saman.